

**Ávarp Jóns Atla Benediktssonar, rektors Háskóla Íslands, við opnun  
sýningar um Íslandsleiðangur Sir Joseph Banks 1772-2022 / 250 ár.**

**Haldið í Þjóðarbókhöðunni 3. júní 2022 kl. 15**

Menningar- og viðskiptaráðherra, Sendiherra Svíþjóðar, Landsbókavörður,  
sýningarhöfundar, fundarstjóri, góðir gestir.

Það er mér heiður og ánægja að segja fáein orð við opnun þessarar  
sýningar sem sett hefur verið upp hér í Þjóðarbókhöðunni í tilefni þess að  
liðin eru 250 ár frá Íslandsleiðangri Sir Joseph Banks 1772. Sýningin er  
samstarfsverkefni Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns, menningar-  
og viðskiptaráðuneytisins, Háskóla Íslands, Sagnfræðistofnunar Háskóla  
Íslands, Náttúruminjasafns Íslands og British Library og eiga þessir aðilar  
þakkir skildar fyrir þeirra framlag.

Eins og sjá má af lestri ítarlegrar, myndskreyttrar og glæsilegrar  
sýningarskrár var Íslandsleiðangur Sir Joseph Banks merkur viðburður á  
sínum tíma, en hér var um að ræða fyrsta breska vísindaleiðangurinn sem  
kom til Íslands. Hinn breski gestur var enginn aukvisi heldur mikilvirkur  
landkönnuður og náttúrufræðingur sem hafði m.a. tekið þátt í einum  
frægasta landkönnunarleiðangri sögunnar undir stjórn James Cook á  
skipinu Endeavour. Sá leiðangur lá um Suðurhöf, Ástralíu, Nýja-Sjáland og  
umhverfis allan hnöttinn.

Aðeins einu ári eftir að þeim leiðangri lauk lagði Banks aftur af stað, í þetta sinn til afskekktar eyju langt norður í Atlantshafi, en aðalmarkmið leiðangursins var að rannsaka íslenska náttúru, einkum eldfjöll og ganga á Heklu. Eins og fram kemur í sýningarskránni má færa rök fyrir því að Banks geti talist fyrsti „Íslandsvinurinn“, ekki aðeins sökum einlægs áhuga hans á landi og þjóð, heldur bast hann í ferð sinni um landið vinarböndum við nokkra úr hópi gestgjafa sinna og átti síðar eftir að reynast Íslendingum verndari og bjargvættur. Óhætt er að segja að frásögnin af því hvernig vinátta Banks og Magnúsar Stephensen, dómstjóra í Landsyfirrétti og helsta boðbera upplýsingarstefnunnar á Íslandi, nýttist Íslendingum, sé æsispennandi og næstum reyfarakennd.

Eins og rakið er í sýningarskrá atvikaðist það svo að Danir drógust inn í stríð við Breta haustið 1807 og var þá stór hluti kaupskipaflota Danmerkur hertekinn og vofði yfir að vöruflutningar til Íslands myndu stöðvast með tilheyrandi hungursneyð. Færði Magnús sér þá vináttuna við Banks í nyt og fékk hann til að beita sér fyrir því við breska ráðamenn að Íslandsverslunin héldi áfram og var landsmönnum þannig forðað frá hörmungum.

Góðir gestir. Þessi sýning er glæsilegur vitnisburður um það hvernig sagnfræðilegar rannsóknir leiða fyrir sjónir lifandi fortíð og auðga með því samtíð okkar. Óhætt er að segja að mikil gróska sé í sagnfræðirannsóknum á Íslandi og við Háskóla Íslands um þessar mundir og er þess skemmst að minnast að í síðasta mánuði var haldið hér í fimmta sinn Íslenska söguþingið með viðamikilli og fjölbreyttri dagskrá. En sagnfræðin horfir ekki aðeins til fortíðar heldur lítur einnig til framtíðar, m.a. með því að nýta sér nýjustu tækni. Nú er í burðarliðnum ný Miðstöð stafrænna hugvísinda og lista (MSHL) sem er vettvangur fyrir uppbyggingu, vistun, þróun og aðgengi að stafrænum gagnabönkum í hugvísindum og listum. Verður miðstöðin þannig mikilvægur samastaður rannsókna sem byggja á þessum gagnabönkum. Mun sagnfræðin eiga sér þar verðugan sess og búa í haginn fyrir blómlegar rannsóknir í framtíðinni.

Góðir gestir. Ég ætla ekki að lengja mál mitt frekar heldur enda á því að óska okkur öllum aftur til hamingju með þessa glæsilegu sýningu.

Takk fyrir.